

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir 2016

haldinn á Hótel Eddu Stórutjörnum, miðvikudaginn 21.júní 2017 kl. 14:00.

Mættir voru fulltrúar frá 9 hluthöfum af 19, með 9.229.610 hluta – af 10.500.000 - á bak við sig. Þeir hluthafar sem áttu fulltrúa á fundinum voru : Norðurþing, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð / (Fræ ehf.), Skútustaðahreppur, Framsýn – stéttarfélag, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Þórshafnar og Jónas Reynir Helgason. Auk þeirra voru á fundinum starfsfólk AÐ og gestir – samtals 15 fundarmenn.

Stjórnarformaður félagsins, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga um að Margrét Bjarnadóttir yrði fundarstjóri og Þórarinn Egill Sveinsson fundarritari var samþykkt samhljóða og fól formaður Margréti stjórn fundarins.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Fulltrúar ríflega 88,8 % hluta voru mættir og því lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf formanni orðið á ný.

Stjórnarformaður Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Sif Jóhannesdóttir greindi frá því helsta úr starfsemi félagsins á árinu 2016 og flutti skýrslu stjórnar AÐ :

Á síðasta aðalfundi félagsins, sem haldinn var í Skúlagarði þann 11.apríl 2016 var kjörin ný stjórn, sem fundað hefur 9 sinnum á starfsárinu. Formaður þakkaði félögum sínum í stjórninni fyrir gott samstarf á starfsárinu, en starf stjórnarinnar hefur verið stórátakalaust og skemmtilegt þó kynjahlutfallið mætti ef til vill vera jafnara.

Verkefni atvinnuþróunarfélagsins á síðasta starfsári voru að vanda bæði mörg og fjölbreytt. Tilgangur félagsins er m.a. að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og að bæta almenn búsetuskilyrði á félagssvæðinu. Í stefnumótun segir m.a. að AÐ sé aflhvati atvinnulífs í Þingeyjarsýslu, samstarfsvettvangur sveitarfélaga, fyrirtækja, einstaklinga og hagsmunasamtaka á sviði atvinnu- og byggðamála með það meginhlutverk að veita ráðgjöf og þjónustu og stuðla að fjölbreyttu, öfluggu og sjálfbæru atvinnulífi á svæðinu. Fjárhagsáætlun hvers árs, samningar við Byggðastofnun og aðrir samstarfssamningar eru helstu áhrifaþættir, afmarka starfið og varða leiðina að markmiðum stefnunnar. Á vörfundum þróunarfélaganna og ársfundum Byggðastofnunar, sem haldnir voru 14.apríl var m.a. kynnt úttekt sem Byggðastofnun hyggst gera á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna, en samstarfssamningar um atvinnuþróun renna út í lok þessa árs. Starfsmenn Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna fóru í fræðsluferð til Skotlands í maí. Skotar hafa unnið mjög markvisst að því að halda jaðarsvæðum í byggð. Okkur er hollt að líta þangað um leiðir og aðferðarfræði.

Um hefðbundna starfsemi í atvinnuráðgjöf, ferðamálum, samstarfsverkefnum og þjónustuverkefnum vísaði formaður í [Ársskýrslu 2016](#) sem aðgengileg er á vef AÐ www.atthing.is, en þar eru greinargóðar upplýsingar. Þrennt nefndi hann þó sérstaklega. Í fyrsta lagi þann ánægjulega áfanga, sem varð í verkefninu „Brothættar byggðir“ í ársbyrjun þegar verkefninu „Öxarfjörður í sókn“ var hrundið af stað. Þetta er svona „gott - vont staða“ – auðvitað miður að hér sé þörf fyrir svona verkefni, en gott að markviss vinna er í gangi og ánægjulegt að sjá áhrif af verkefnum. Í öðru lagi er verkefni Markaðsstofu Norðurlands um stefnumarkandi stjórnunaráætlanir DMP (Destination Management Planning), en þar er reiknað með að atvinnuþróunarfélögin verði virkir þátttakendur. Í þriðja lagi er svo sóknaráætlun Eyþings, þar



sem atvinnuþróunarfélögunum er ætlað talsvert hlutverk. Mörg þessara verkefna krefjast bæði mannafla og fjármuna, sem ekki hefur í öllum tilfellum verið skilgreint.

Starfsmannaskipan félagsins var óbreytt á árinu að öðru leyti en því að Jóna Matthíasdóttir fékk árs leyfi í september, en sinnir þó áfram bókhaldi og launavinnslu í hlutastarfi. Í heildina fækkaði því stöðugildum hjá AÐ á síðasta starfsári. Ari Páll Pálsson og Silja Jóhannesdóttir sinna atvinnuráðgjöf og verkefnastjórnun ásamt Reinhard Reynissyni framkvæmdastjóra félagsins, sem gerir nánari grein fyrir rekstri félagsins síðar á þessum fundi. Vel er haldið utanum rekstur félagsins og samninga og þess ávallt verið gætt að starfa innan samþykktra fjárhagsáætlana.

Fyrir eigendum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga liggur að taka þátt í umræðu og mótun starfseminnar til framtíðar. Fyrir skömmu var kynnt skýrsla Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri um kosti og galla sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna á svæðinu. Skipulag þessara mála er að mörgu leyti einstakt á svæði Eyþings, en þar eru starfandi tvö atvinnuþróunarfélög. Ríkisvaldið hefur í auknum mæli beint umfangsmiklum verkefnum til landshlutasamtakanna og því virðist aukin áhersla á að sameina og stækka stofnanir. Á þessum málum eru margar hliðar og sýnist sitt hverjum, eins og glögglega kom fram í skýrslu RHA. Miðað við umræður á héraðsnefndarfundum og aðalfundum AÐ hefur það verið stefna Þingeyinga að reka félagið áfram og þróa starfsemi þess í takt við samfélag og atvinnulíf í sýslunni. Nýleg bókun Norðurþings telur fýsilegan kost að fella starfsemi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga undir Héraðsnefnd Þingeyinga bs. og starfrækja félagið í því formi við hlið annarra samstarfsverkefna þingeyskra sveitarfélaga. Núverandi fyrirkomulag er auðvitað ekki greipt í stein og þessa umræðu þarf að taka með tilliti til breyttra aðstæðna eins og m.a. með tilkomu Vaðlaheiðargangna. Málþing í lok þessa fundar verður fróðlegt innlegg í þessa umræðu.

Því næst þakkaði formaður starfsmönnum félagsins frjótt og öflugt starf á árinu og framkvæmdastjóra og stjórn félagsins afar gott og ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri leggur til að umræður um skýrslu og reikninga verði teknar saman. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

2. Reikningar félagsins fyrir árið 2016

Ársreikningur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fyrir 2016 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður án athugasemda af stjórn félagsins, framkvæmdastjóra og löggiltum endurskoðanda þess, PricewaterhouseCoopers hf. – Rúnari Bjarnasyni.

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins gerði grein helstu niðurstöðum ársreiknings sem voru eftirfarandi:

Rekstrartekjur	45.255.462
Rekstrargjöld	(41.594.531)
Fjármagnsliðir	567.361
Hagnaður ársins	1.779.354
Fastafjármunir	1.725.231
Veltufjármunir	28.990.932
Eigið fé	4.886.928
Skuldir og skuldbindingar	25.829.235
Niðurstaða efnahagsreiknings.....	30.716.163



Framkvæmdastjóri vakti athygli á þeim eignabreytingum sem urðu á árinu en seld var eign félagsins í Tækifæri og keypt í Mývatnsstofu. Yfirlit yfir eignir félagsins má sjá sundurliðaðar í ársreikningi félagsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir aðrar skýringar eftir því sem þurfa þótti og sundurliðun einstakra liða sem sjá má í ársskýrslu sem aðgengileg er á heimasíðu atvinnuþróunarfélagsins www.atthing.is.

Framkvæmdastjóri þakkaði starfsmönnum AÐ fyrir vel unnin störf á síðasta starfsári og eigendum og stjórn fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Engin fundarmanna bað um orðið undir þessum lið.

Fundarstjóri bar því næst skýrslu stjórnar og ársreikning upp til samþykktar og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra orðið, sem kynnti þá tillögu, að stjórn félagsins yrði óbreytt frá fyrra ári.

Aðalstjórn:

*Aðalsteinn Á. Baldursson
Arnar Guðmundsson
Elías Pétursson
Guðmundur Vilhjálmsson
Sif Jóhannesdóttir*

Varastjórn:

*Yngvi Ragnar Kristjánsson
Björn Víkingur Björnsson*

Aðrar tillögur komu ekki fram og voru ofangreindir stjórnarmenn samþykktir með lófataki.

Fyrir lá tillaga um að endurskoðun yrði áfram á hendi PricewaterhouseCoopers – Rúnars Bjarnasonar í samræmi við gildandi samning þar um.

Engar athugasemdir komu fram og var tillagan samþykkt samhljóða

4. Ráðstöfun hagnaðar/taps.

Fyrir fundinum lá tillaga um að rekstrarhagnaði verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé eins og þegar hefur verið gert í samþykktum ársreikningi.

Tillagan var samþykkt án athugasemda.

5. Þóknun til stjórnarmanna

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu um óbreytt fyrirkomulag stjórnarlauna frá fyrra ári, þ.e. að þóknun til stjórnarmanna taki mið af greiðslum fyrir nefndarsetu hjá Norðurþingi (aðrar nefndir) og formaður fái þar á ofan 50% álag, svo sem verið hefur.



Ekki komu fram aðrar tillögur

Fyrirliggjandi tillaga var því borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Til að opna umræðuna ræddi **Margrét Bjarnadóttir** um samstarf og samrekstur atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings, m.a. að miklar breytingar yrðu í samstarfi og samskiptum sveitarfélaga og verkefna í framhaldi Vaðlaheiðarganga. Hún telur kostina við að sameina Atvinnuþróunarfélögin og Eyþing fleiri en gallana sbr. skýrslu RHA.

Sif Jóhannesdóttir ræddi um samstarfsmál og las m.a. upp bókun Norðurþings, þess efnis að vænlegra væri að sameina AÞ rekstri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. og þar með öðrum samstarfsverkefnum Þingeyinga.

Aðalsteinn Baldursson ræddi um samstarfið og var mótfallinn því að sameina atvinnuþróunarfélögin á svæðinu. Færði hann fyrir því ýmis rök og sagði að góður árangur hefði náðst með núverandi fyrirkomulagi m.a. með því samstarfi sem fengist hefur með samstarfi atvinnulífs, sveitarstjórnarmanna og verkalýðshreyfingar. Mikilvægt er að halda nálægðinni við verkefnin og starfa af krafti í nærumhverfinu. Mikill munur er á aðstæðum á starfssvæði Eyþings.

Guðmundur Vilhjálmsson tók undir orð Aðalsteins og taldi mikilvægt að halda þeirri nálægð sem fæst með þjónustu í nærumhverfinu. Ólíklegt væri t.d. að forsvarsmenn Eyþings vilji flytja starfsemi sína til starfssvæðis Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Mikilvægt er að styrkja innviði fyrirtækja á svæðinu, alveg sérstaklega þegar mikill vöxtur er í atvinnulífinu.

Silja Jóhannesdóttir, tók undir orð Margrétar um það að rétt væri að skoða sameiningu, fara vel yfir röksemdir með og á móti og skýrslu RHA. Taldi sameiningu á austurlandi hafa gefið góða raun.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóri boðaði að ritari myndi klára fundargerð og senda í tölvupósti. Að því búnu þakkaði hann fundarmönnum, sagði kaffið tilbúið, vonaðist eftir fjörlegu málþingi um Vaðlaheiðargöng og áhrif þeirra, þakkað fundarmönnum fundarsetuna og sleit fundi kl.14:48.

Fundarstjóri

Margrét Bjarnadóttir

Fundarritari

Þórarinn Egill Sveinsson